


Fjárhagsgreining Annata veitir innsýn í helstu lykilstærðir (KPI's) Gerðu stjórnun fjármála og reksturs öflugri!

Með fjárhagsgreiningu geta stjórnendur fyrirtækja haft púlsinn á þróun fjárhagslegra lykilmælikvarða (e. Key Performance Indicators, KPI's) öllum stundum. Allir þræðir í starfsemi fyrirtækisins koma saman í fjárhagsbókhaldinu. Þar kemur fram hvernig öllum lykilþáttum í verðmætasköpuninni hefur verið sinnt. Greina má hver arðsemin hefur verið og hvernig ráðstöfun þess fjármagns sem reksturinn skapar hefur verið háttað. Góður aðgangur að réttum upplýsingum á réttum tíma hlýtur því að vera lykilatíriði í starfi góðs stjórnanda.

Hljóma eftirfarandi spurningar kunnuglega?

- Þarftu að verja miklum hluta tíma þíns í skýrslugerð til að draga upp raunhæfa mynd af rekstri fyrirtækisins?
- Berast fjárhagslegar upplýsingar seint og illa til þín?
- Áttu í erfiðleikum með að greina þróun lykilstærða í rekstrinum?
- Er erfitt að ná góðum upplýsingum úr þeim upplýsingakerfum sem fyrirtækið nýtir?
- Er erfitt að greina frávik frá áætlunum?

Fyrirframskilgreindar Excelskýrslur og greiningar sem byggðar eru á fjárhagsgreiningum Annata leyfa stjórnendum að nálgast ítarlegar upplýsingar um rekstur og efnahag og þróun lykilstærða á augabragði.



Row Labels	Cost	Actual	Cost	Actual
Fyrirtæki ABC				
Ársreikningur		-3.623.538		-17.586.546
Efnahagur		-3.623.538		-12.655.685
Rekstrarreikningur				-4.930.861
Kostnaðargreining			152.246	
Rekstrartekjur				-1.157.580

Upplýst og öflug stjórnun fjármála og reksturs

Þú getur auðveldlega greint framlegð deilda fyrirtækis, þróun kostnaðarliða, borið raunniðurstöðu saman við áætlanir og gert samanburð á lykilstærðum milli tímabila. Með því að vega og meta viddir í greiningunni þá opnast á augabragði hafsjór af verðmætum upplýsingum sem oft og tíðum hafa ekki verið aðgengilegar áður.

Auðvelt og fljótlegt er að svara hverri spurningunni á fætur annarri.

- eru laun að aukast sem hlutfall af veltu? Er sú þróun einungis bundin við ákveðnar deildir?
- Hvaða áhrif hefur það á framlegð fyrirtækisins?
- Hvernig stöndum við miðað við sama tímabil síðustu ára?
- eru aðrir kostnaðarliðir að hækka? eru ákveðin verkefni og/eða málefni sem valda því?

- Hvernig er staðan á veltufjármunum fyrirtækisins?
- Eru viðskiptakröfur og birgðir að aukast sem hlutfall af heildareignum?
- Eru skammtímaskuldir að aukast á móti og jafnvel vanskil að hlaðast upp?
- Hefur fjármagnskostnaður hækkað?
- Erum við að ástunda nægjanlega skilvirka innheimtu eða rækja hagkvæma innkaupastefnu á aðföngum?

Lykiltölugreining

Fjárhagskerfin geyma sögu lykilstærða (KPI's) í rekstrinum aftur í tímann. Þær er hægt að skoða með OLAP á grafíska hátt og koma þannig auga á þróun og sveiflur, t.d. í hagnaði, hagnaðarhlutfalli, lykiltölum um arðsemi, fjárbindingu í birgðum, fjárbindingu í viðskiptakröfum, útistandandi viðskiptakröfum, veltuhraða fastafjármuna, veltuhraða eigna, lykiltölum um nýtingu fjármagns, lykiltölum um greiðsluhæfi, veltufjárhlutfalli, lausafjárhlutfalli, V/H hlutfalli, Q hlutfalli og fleira. Lausnin byggir á Microsoft hugbúnaði og dregur gögn saman í margvíðan gagnatening sem inniheldur ítarlegar upplýsingar úr fjárhagslykilinum. Upplýsingarnar er hægt er að greina út frá ólíkum sjónarhornum og út frá þeim útbúa staðlaðar skýrslur.


Fjárhagsgreining Annata - ávinningurinn er augljós og skýr!

Fjárhagsgreining Annata svarar lykilsurningum um rekstur fyrirtækisins og þróun fjárhagslegra lykilmælikvarða. Greindu framlegð rekstrarins, EBITDA, þróun veltufjárhlutfalls, arðsemi eigin fjár, hlutfall viðskiptakrafna og birgða af eignum, Q-hlutfall og margt fleira út frá völdum tímabilum og rekstrareiningum.

- Framlegð fyrirtækisins og deilda þess
- Þróun ýmissa rekstrarliða milli tímabila
- Samanburður við áætlanir
- Greining frávika
- Skoðun skilgreindra lykilmælikvarða

Gerðu stjórnun fjármála og reksturs öflugri!

Með Annata fjármálagreiningum nærðu að auka áhersluna til muna á greiningu upplýsinga og túlkun þeirra á kostnað úrvinnslu þeirra. Tími við gerð uppgjöra og annarra fjárhagslegra úttekta minnkar til muna og auðveldar stjórnendum að taka skjótari og betri ákvarðanir.



Upplýsingar veita:

Art Schalk, s. 617 1055, art@annata.is

Marteinn Þór Arnar, s. 660 1033, marteinn@annata.is